Tveggja kvikmynda leikstjóri

Bolvíkingurinn Snævar Sölvi Sölvason hefur nýlokið við að taka upp sína aðra bíómynd í fullri lengd.

– sjá bls. 10 og 11

Sigldi hringinn í kringum landið á kajak

Guðni Páll Viktorsson er uppalinn á Þingeyri og bjó þar til 13 ára aldurs. Guðni Páll hefur aldrei verið neinn vandræðagemsi og hefur stundað mikið íþróttir. Hann spilaði með BÍ/Bolungarvík í tvö ár eða þar til hann lagði skóna á hilluna. Guðni Páll hefur nýlokið við að sigla hringinn í kringum landið á kajak og segir sögu sína í blaðinu í dag.

– sjá bls. 12 og 13.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 22. ágúst 2013 · 33. tbl. · 30. árg. ·Ókeypis eintak

Verktakar á bekknum!

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600

• HAMRAÐ GLER
• SPEGLAR
• SANDBLÁSIÐ
• OG MARGT FLEIRA

ALLT Í GLERI SÍÐAN 1969

Ískan

GLER OG SPEGLAR

SMIÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL Á eBOX.IS

eBOX auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP eBOX

SUBARU
Confidence in Motion

SPARNEYTNIR
OG TRAUSTIR
Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.
6,4 l / 100 km
í blönduðum akstri

Subaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.
6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri

Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.
6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Jón Reynir flytur ávarp við nýja gosbrunninn á Austurvelli.

Nýi gosbrunnurinn mótaður í líkingu öðuskeljar

Jón Reynir Sigurvinsson, formaður Lionsklúbbs Ísafjarðar, flutti ávarp og hleypti vatninu á nýja gosbrunninn á Austurvelli á Ísafirði við vígsluathöfn á föstudag. Endurbygging garðsins hefur staðið yfir í sumar en markmiðið er að koma honum í sitt upprunalega horf eða eins og hann var teiknaður á sínum tíma. „Á næsta ári á garðurinn 60 ára afmæli og þess vegna ákváðum við að ráðast í stærstu framkvæmdirnar við uppbyggingu hans í ár svo sárin á grassverðinum nái að gróa nokkuð vel og garðurinn líti sem best út," segir Ralf Trylla umhverfisfulltrúi.

Endurbyggingin er samstarfsverkefni Ísafjarðarbæjar og Lionsklúbbs Ísafjarðar, en klúbburinn hafði veg og vanda af gerð gamla gosbrunnsins árið 1966 í tilefni af 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar.

Nýi brunnurinn er mótaður í líkingu öðuskeljar og mun skarta fallegum steini úr fjörum Ísafjarðar. Brunnurinn er með ljósakerfi eins og Jón H. Björnsson landslagsarkitekt sem hannaði garðinn árið 1954 ætlaði honum að vera. Jón var fyrstur Íslendinga til þess að afla sér menntunar í landslagsarkitektúr og er jafnframt einn af helstu fulltrúum móderníska garðstílsins hérlendis.

– harpa@bb.is

Óskiljanlegur Salómonsdómur

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mótmælir harðlega þeim ásetningi sjávarútvegsráðherra að við setningu nýrra aflahlutdeilda í úthafsrækju verði eldri aflahlutdeildir látnar ráða að 7/10 hlutum en veiðireynsla síðustu þriggja ára að 3/10 hlutum. Nær væri að hlutföllin væru þveröfug ef nauðsynlegt er talið að fella slíkan óskiljanlegan Salómonsdóm," segir í ályktun sem bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur sent frá sér vegna vinnu um lagafrumvarp um stjórn veiða á úthafsrækju.

Eins og fram hefur komið er áformað að úthluta 30% aflaheimilda í úthafsrækju eftir veiðireynslu samkvæmt lagafrumvarpi sem Sigurður Ingi Jóhannsson atvinnuvegaráðherra hyggst mæla fyrir á haustþingi. Sjötíu prósent aflaheimilda munu þá falla í skaut þeirra sem höfðu þær áður, en veiðar á úthafsrækju voru gefnar frjálsar fyrir þremur árum. Tilkynnt var á föstudag að vinna væri að hefjast við nýtt lagafrumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, sem lýtur sérstaklega að stjórn úthafsrækjuveiða.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mótmælir harðlega ásetningi sjávarútvegsráðherra í stóra úthafsrækjumálinu.

Ályktun bæjarráðs hefur verið send á ráðherrann og þingmenn Norðvesturkjördæmis. Ályktun bæjarráðs í heild er eftirfarandi: „Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mótmælir harðlega þeim ásetningi sjávarútvegsráðherra að við setningu nýrra aflahlutdeilda í úthafsrækju verði eldri aflahlutdeildir látnar ráða að 7/10 hlutum en veiðireynsla síðustu þriggja ára að 3/10 hlutum. Nær væri að hlutföllin væru þveröfug ef nauðsynlegt er talið að fella slíkan óskiljanlegan Salómonsdóm. Með þessari ákvörðun er fótunum kippt undan rækjuvinnslu í Ísafjarðarbæ, en hún hefur verið vaxtarbroddur undanfarin ár og ljós punktur í þeim efnahagsörðugleikum sem byggðir Ísafjarðarbæjar hafa glímt við um langa hríð. Að óbreyttu getur þetta leitt til þess að 100 manns, eða meir en 1% íbúa á Vestfjörðum muni missa vinnuna.

Sú niðurrifsstefna sem þarna er boðuð gagnvart viðkvæmu efnahagssvæði á Vestfjörðum getur í engu talist samræmast því sem landsbyggðarfólk taldi sig lesa úr stjórnarsáttmála núverandi rikisstjórnar. Því verður ekki trúað að þessi fordæmalausa leið verði farin í raun og veru og bindum við traust okkar við og skorum á ríkisstjórnina að falla frá þessari ákvörðun."

– harpa@bb.is

Samkaup úrval

góðir grannar

Helgartilboð 22. - 25. ágúst

samkaupurval.is

39% afsláttur

verð áður 259 kr/pk

158 kr pk

Hills piparkökur

með hnetum 250g

...sjá uppskrift einfalt og gott!

„Sítrónu- og piparsmjör með laxinum"

verð áður 1.898 kr/kg

Laxabitar

1.499 kr/kg

verð áður 3.589 kr/kg

3.266 kr kg

Úrvals lambafilé með fitu

úr kjötborði eða pökkuð ferskt

verð áður 2.197 kr/kg

1.889 kr kg

Úrvals lambalærissneiðar

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

...sjá uppskrift gott meðlæti!

„Marokkóskt gulrótar- og appelsínusalat"

samkaupurval.is

Úr kjötborði eða pökkuð fersk

Úrvals lamba innralæri

verð áður 3.198 kr/kg

2.750 kr/kg

50% afsláttur

verð áður 319 kr/stk

160 kr stk

Nýbakað á staðnum!

Kanelsnúðar frá Myllunni

30% afsláttur

frá Ísfugli

Mexíkó kjúklingaleggir

verð áður 1.098 kr/kg

769 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is og fáðu **nýjustu tilboðin og uppskrift** í tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni

P & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Hörður A. Steingrímsson, 691-9474, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Bæjarprýði

Fyrrihluta árs 2005 komst Samson B. Harðarson, landslagsarkitekt, svo að orði í grein á bb.is að líklega væri Ísafjörður það bæjarfélag sem ætti flesta af elstu og merkilegustu skrúðgörðum landsins og nefndi þar til sögu Skrúð á Núpi í Dýrafirði frá 1909, Jónsgarð á Ísafirði, 1923, Simsonsgarð frá árunum 1920 - 1930 og Austurvöll frá 1954. Um þann síðast nefnda sagði hann meðal annars: „Eflaust kann mörgum að þykja fátt um þennan garð, en ég vil benda á að Austurvöllur á Ísafirði ásamt Hallargarðinum í Reykjavík eru tveir heilstæðustu og upprunalegustu nútíma-(móderniski) skrúðgarðar sem við Íslendingar eigum.“ Samson kvað það mikið menningarslys ef garðurinn eyðilegðist og hvatti Ísfirðinga eindregið til að hefja Austurvöll til vegs og virðingar, sem aðlaðandi miðbæjargarð fyrir gesti og gangandi.

Á þeim áratugum sem liðið hafa frá því tímatal garðsins hófst hefur sitthvað á dagana drifið. Varla er ofsagt að umgengni, viðhald og viðhorf, almennt, til garðsins, hafi á flestum sviðum verið í lægri kantinum. Lionsmenn lögðu þó á sínum tíma mikla vinnu og fjármuni í að koma upp gosbrunni í garðinum. Hans naut ekki lengi við og endaði sem blómum skrýddur legstaður.

Þar sem BB tók á sínum tíma undir orð arkitektsins fagnar blaðið þeirri ákvörðun bæjaryfirvalda að koma Austurvelli í upprunalegt horf. Garðurinn er í hjarta bæjarins og afar mikilvægt er að útsýni til hans frá Silfurtorgi, nafla bæjarslífsins, nái að fanga augu þess fjölda fólks, sem þar á leið um, einkum yfir sumartímann.

Það er rétt mat umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar, að garðar eru til að fólk nýti þá. Því einu er við að bæta, að ungir sem aldnir temji sér að bera virðingu fyrir umhverfinu og sýni í verki að Austurvöllur verði eitt af þeim djásnum sem prýða bæinn; staður þar sem fólk nýtur þess að vera á góðum degi.

Lending.is

Bæjarins besta hefur ekki legið á þeirri afstöðu sinni að Reykjavíkurflugvöllur eigi áfram að vera í Vatnsmýrinni. Allt annað er yfirlýsing um sundurslit borgar og landsbyggðar, þegar fram í sækir. Hafin er undirskriftasöfnun á *www.lending.is*, áskorun á borgarstjórn og Alþingi að tryggja óskerta flugstarfsemi í Vatnsmýrinni. Fyrir þessu stendur hópur flugmanna, lækna og verkfræðinga, með þekkingu á flugmálum, sem kallar sig Hjartað í Vatnsmýrinni.

Óskertur flugvöllur í Vatnsmýrinni er hagsmunamál landsbyggðarinnar allrar. BB skorar því á sem flesta að ljá málinu lið með undirskrift.

s.h.

Spurning vikunnar

Hefur þú fengið svikabréf í tölvupósti?

Alls svöruðu 417.
Já sögðu 277 eða 66%
Nei sögðu 122 eða 29%
Veit ekki sögðu 18 eða 5%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Rækjutogarinn Ísborg ÍS 250.

„Rothögg fyrir þetta byggðarlag“

„Þessi ákvörðun er einfaldlega rothögg fyrir þetta byggðarlag. Væntanlega fara þeir þá að gera út á þessar heimildir sínar. Þeir hafa ekki gert það hingað til. Það sem vantar inn í þessar tillögur er að ef menn nýta ekki heimildir sínar eiga þeir ekki að hafa þær áfram. Við höfum atvinnu af þessu og verksmiðjan hérna byggir á þessu. Við erum sennilega 160 sem höfum atvinnu af þessu á svæðinu, beint og óbeint, og þetta er bara rothögg fyrir þennan hóp,“ segir Arnar Kristjánsson, skipstjóri og eigandi rækjuskipsins Ísborgar ÍS 250.

Eins og fram hefur komið er áformað að úthluta 30% aflaheimilda í úthafsrækju eftir veiðireynslu samkvæmt lagafrumvarpi sem Sigurður Ingi Jóhannsson atvinnuvegaráðherra hyggst mæla fyrir á haustþingi.

Arnar Kristjánsson hefur gert Ísborg út á rækjuveiðar meðan veiðarnar voru frjálsar og hefur aflað sér töluverðrar veiðireynslu á undanförnum árum. „Það sem ég vil segja er að þetta er mjög slæm niðurstaða ef rétt verður, vegna þess að það skiptir ekki máli hvort hann tekur af þér 30, 50 eða 70% aflaheimilda, þeir eiga ekki eftir að nýta þær. Og þá eiga þeir ekki að vera handhafar, heldur þeir sem eru að nota þetta. Þá væri eðlilegra að hafa veiðarnar áfram frjálsar og leyfa mönnum sulla í þessu,“ segir Arnar Kristjánsson.

– hordur@bb.is

Þórdís Sif ráðin sviðsstjóri

Þórdís Sif Sigurðardóttir hefur verið ráðin sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs Ísafjarðarbæjar. Staðan var auglýst í byrjun síðasta mánaðar og sóttu tólf um starfið. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar var einróma í ákvörðun sinni um ráðninguna. Þórdís er lögfræðingur að mennt frá HR og starfar í dag sem sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst. Áður starfaði hún sem lögfræðingur hjá Landsbankanum, BNB Consulting, FL Group og KPMG. Meistararitgerð hennar úr lögfræði frá HR fjallar um kynjakvóta í hlutafélögum, bæði lögfræðilega og út frá stjórnarháttum félaga.

Þórdís hyggst flytja vesturmeð eiginmanni sínum og tveimur börnum. „Okkur hefur lengi langað til að flytja vestur. Þegar ég sá starfið auglýst, sá ég fyrir mér krefjandi starf sem gæti orðið til þess að draumurinn rættist. Það hefur verið gaman að fylgjast með hversu samstilltur Ísafjörður

Þórdís Sif Sigurðardóttir.

getur verið t.d. í tengslum við Aldrei fór ég suður og skíðavikuna, sem mér finnst aðdáunarvert. Sú orka sem er til staðar virðist vera ótrúleg. Það er ekki í hverju sveitarfélagi þar sem mannlífið og menningin er eins öflugt og á Ísafirði. Ég hlakka til að búa á Ísafirði, þar sem ég get verið virkur þátttakandi í samfélagi þar sem framlag hvers einstaklings skiptir máli. Ég hlakka líka til að mæta í brekkurnar í vetur og langar að leggja mitt af mörkum til íþróttastarfs bæjarins. Ég trúi að sá uppgangur sem hefur verið á Vestfjörðum sé bara byrjunin. Það er fullt af spennandi verkefnum í gangi og það er fullt af tækifærum sem bíða eftir að vera gripin.“

Tólf einstaklingar sóttu stöðu sviðstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs: Ágúst Þ. Ragnarsson, Álftanesi, Áróra Gústafsdóttir, Kópavogi, Daði Einarsson, Búlgaríu, Einar Pétursson, Ísafirði, Esther Hermannsdóttir, Fjarðabyggð, Gerður Eðvarsdóttir, Ísafirði, Halla Signý Kristjánsdóttir, Bolungarvík, Haraldur Júlíusson, Ísafirði, Kristinn H. Gunnarsson, Bolungarvík, Ólína Þorvarðardóttir, Ísafirði, Stefán Torfi Sigurðsson, Reykjavík, Þórdís Sigurðardóttir, Borgarnesi.

– harpa@bb.is

Gummi Rós níræður

Mánudaginn 26. ágúst verður Guðmundur Rósmundsson, útgerðarmaður í Bolungarvík, níræður. Af því tilefni tekur hann á móti gestum í safnaðarheimili Bolungarvíkur, laugardaginn 24. ágúst frá kl. 15-18. Allir velkomnir, gjafir afþakkaðar.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

MYLLU **HEIMILISBRAUÐ** 770g

FORELDUÐ PEKINGÖND

FROSIN FORELDUÐ **ÚRBEINUÐ PEKINGÖND**
U.Þ.B. 600g 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA

ALI FERSKAR GRÍSALUNDIR

SKÓLAOSTUR STÓRT STYKKI
300 kr. verðlækkun ! Verð áður 1379 kr.kg.

FERSKUR GRÍSABÓGUR

FERSKT 100% NAUTGRIPAHAKK.

HUGGIES BLEIUR ALLAR STÆRÐIR

FROSIN **JARÐARBER** 1.2 kg.

GOTT VERÐ Í BÓNUS

NORÐANFISKUR ROÐ OG BEINLAUS ÝSA
SJÓFRYST ÝSUFLÖK

FROSNIR **ANANASBITAR** 1 KG.

VINSÆLUSTU BRINGURNAR Í BÓNUS

Euroshopper frosnar kjúklingabringur 900gr

FROSNIR **MANGÓBITAR** 1 kg.

FIMMTUD. OPIÐ 11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

FIMMTUD. OPIÐ 11:00-18:30

Dæmdur fyrir hótanir

Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í tvö ár, fyrir hótanir og brot gegn siglingalögum og lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Jafnframt var maðurinn dæmdur til að greiða brotaþola 300 þúsund krónur í miskabætur og 370 þúsund krónur í málskostnað, auk sakarkostnaðar upp á tæplega 427 þúsund krónur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa hótað konu, í júní 2010 þegar þau voru stödd á Hesteyri, því að beita skotvopni gegn henni kæmi hún sér ekki í burtu af svæðinu. Þótti sannað, eftir vitnisburð þriggja vitni, þar á meðal þáverandi kærustu hans og bróður, að hann hafi hótað því að beita vopninu og mátti skýrlega ráða að hann hafi verið reiður og ógnandi. Með því hafi hann bakað sér skaðabótaábyrgð. Vottorð geðlæknis frá ágúst 2011 staðfesti að konan þjáðist þá enn af áfallastreituröskun vegna þessa og telji hann hótun mannsins hafa haft veruleg áhrif á líðan hennar. Mat læknisins var að hún þyrfti langan tíma til að vinna sig út úr þessu. Sannað var að maðurinn átti skotvopn þegar þetta gerðist en hins vegar var ekki talið sannað að það hafi verið um borð í báti hans og stendur þar neitun hans gegn orðum vitna.

Hann var líka ákærður fyrir að hafa ekki verið með gild haffærisskírteini né skipstjórnarréttindi þegar hann fór í sjóferð þann 25. júní 2012 á Hesteyri ÍS-95 og þótti sannað að hann hafi, af gáleysi gerst sekur um þau brot. Hann var sýknaður af einum ákærulið þar sem honum hafði verið gefið að sök að hafa siglt skipinu með farþega á þess að hafa leyfi til farþegaflutninga. Í því máli var aðeins um að ræða það sem hann sjálfur hafði upplýst og sagði hann að í umræddri sjóferð hefðu engir borgandi farþegar verið um borð. Um hefði verið að ræða starfsmenn ferðaskrifstofu sem hann hefði haft til athugunar að fara í samstarf við. Neitaði hann því staðfastlega sök. Óvarlegt þótti að telja, svo ekki yrði véfengt með skynsamlegum rökum, að hann hafi verið í farþegaflutningum í atvinnuskyni í skilningi laganna.

Hús Ásthildar tekið eignarnámi?

Ásthildur Cesil Þórðardóttir, íbúi við Seljalandsveg 100 á Ísafirði, fer fram á að gerð verði undanþága frá því að kaupa af henni húsið við Seljalandsveg, og hún fái að búa í því áfram og eiga það gegn því að hún fari af heimili sínu ef hætta er talin á ofanflóðum. Ísafjarðarbær vill kaupa húseignina þar sem hún er sögð í hættu vegna ofanflóða úr Eyrarhlíð en Ásthildur Cesil neitar að selja og vill ekki flytja burt. Þetta kemur fram í bréfi Ásthildar til bæjarins sem tekið var fyrir á síðasta bæjarráðsfundi en samkvæmt bókun bæjarráðs er bæjarstjórn nauðugur einn kostur, að fara í eignarnám á húsinu, sé ekki vilji til að semja um kaupverð.

„Við viljum helst semja en ef samningar nást ekki verðum við að fara þá leið. Það er hægt að skoða allt en Veðurstofan sér um að rýma húsnæði ef þess þarf og fram að þessu hefur fólk ekki viljað vera með þá ábyrgð á sinni könnu, að þurfa endalaust að rýma hús og meta hvenær það þarf og hvenær ekki. Ásthildur hefur margt til málanna að leggja og ég skil það vel að hún sé ekki spennt fyrir að selja húsið," segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri á Ísafirði. Í bréfinu segir Ásthildur Cesil að hún telji sig ekki vera í samningaviðræðum við Ofanflóðanefnd eða Ísafjarðarbæ um uppkaup á húsinu. Hún hefur neitað að selja það og þar við situr.

– hordur@bb.is

Hús Ásthildar við Seljalandsveg 100.

Brenndist á líkama eftir ætihvönn

Heiður Hallgrímsdóttir, sjö ára stúlka á Ísafirði, brenndist nokkuð á líkama eftir að hafa verið innan um mikinn kerfil og ætihvönn er hún dvaldi í Grunnavík í Jökulfjörðum undir lok síðasta mánaðar. Að sögn móður hennar, Birnu Lárusdóttur, er mikið um kerfil á svæðinu en minna um ætihvönn. Hún segist hafa verið meðvituð um að risahvönn gæti haft skaðleg áhrif. „Ég hef alltaf verið meðvituð um að risahvönn geti haft skaðleg áhrif en aldrei heyrt af því að ætihvönn gæti verið það líka. Fjölskyldan á bústað í Grunnavík og við erum þar flest sumur en höfum hingað til ekki lent í eða heyrt af svona tilfellum í kringum okkur," segir Birna.

Heiður Hallgrímsdóttir, sjö ára.

Þekkt er að snerting við safa risahvannar getur valdið ljósertiexemi sem lýsir sér þannig að ef safinn kemst í snertingu við húð sogast hann hratt inn í hana og veldur ofurviðkvæmni fyrir sólarljósi. Þannig getur minnsta birta valdið annars stigs bruna með vessandi blöðrum og sárum. Birna segir engar risahvannir vera á þessu svæði sem þau voru á en einkennin lýsi sér eins. Á heimasíðu Magnúsar Jóhannssonar læknis og prófessors í lyfjafræði segir meðal annars: „Útbrotin koma oftast 5-18 klst. eftir sólbað og eru verst eftir 1½ til 2 sólarhringa. Húðin er viðkvæm í nokkrar vikur og eina ráðið er að verja viðkomandi húðsvæði fyrir ljósi en það getur verið erfitt t.d. í andliti. Þegar brunasárin hafa gróið skilja þau oftast eftir brúna bletti sem geta verið mörg ár að hverfa. Slysin verða þegar fólk er að klippa eða grisja plöntur eða við leik hjá börnum, t.d. ef þau nota hola stöngla plöntunnar fyrir blásturspípur." Á Vísindavef Háskóla Íslands kemur fram að í ætihvönn eru sambærileg efni og í risahvönn en í miklu minna mæli. Hún skilji samt eftir brúna bletti ef safi úr henni kemst í snertingu við húð og geta myndað blöðrur.

ÞAÐ ER GAGN & GAMAN Í SKÓLADÓTINU OKKAR

A-4 REIKNINGSBÓK /STÍLABÓK 349.-

A-5 STÍLABÓK 299.-

FYLLT PENNAVESKI FRÁ 2.699.-

Á TILBOÐI SPIDERMAN SKÓLATASKA 4.999.-

JEVA SKÓLATASKA, 15L / 18L 19.999.-

Á TILBOÐI CHARMMYKITTY SKÓLATASKA 4.999.-

FLASKA, NESTISBOX & SUNDPOKI FYLGJA JEVA TÖSKUNUM

SKILAÐU VÖNDUÐU VERKI MEÐ VÖNDUÐUM VÖRUM

PENNINN

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Penninn | Hafnarstræti 2, Ísafirði | 540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Pálmi vill fá lóð æsku sinnar til baka

„Ég hélt að það væri formsatriði að fá lóðina til baka en það hefur ekki gengið ennþá. Ég er ansi hræddur um að þetta verði bara einskis manns land og verði ekki hirt neitt. Ég hef farið þess á leit að fá lóðina aftur eins og hún var í upprunalegri mynd. Þar er ekkert nema gras, slegið af mér, og snúrustaurarnir mínir sem hafa staðið þarna um áratugaskeið," segir bolvíski leikarinn Pálmi Gestsson, sem reynir að fá til baka lóð sem tilheyrði æskuheimili hans við Miðstræti 3 í Bolungarvík.

„Þetta var alltaf inni í þeirri lóð en pabbi vildi ekki svona stóra lóð og fór fram á að þeir minnkuðu hana, sem þeim var nú mjög illa við, en gerðist nú víst á endanum. Svo hef ég verið að reyna að fá hana aftur og það gengur frekar hægt. Hún er innilokuð milli húsa og maður veit ekki hvernig þetta fer," segir Pálmi. Henrý Bæringsson á Ísafirði hefur tekið að sér einskis manns land sem ekki var hirt um. Hann hreinsaði það, sló njóla og smíðaði bekki og borð sem hann kom fyrir á svæðinu. Nú er það til fyrirmyndar og trekkir að sér ferðamenn og heimamenn. „Þetta er til eftirbreytni hjá Henrý og ég er hræddur um að svona einskis manns land verði bara að einhverju óræktarbæli sem enginn nennir að hugsa um. Þess vegna vil ég fá þetta aftur og gera eitthvað fallegt þarna. Hið opinbera virðist víðast hvar, ekki bara í Bolungarvík, óskaplega svifaseint apparat," segir Pálmi.

– hordur@bb.is

Pálmi Gestsson við Hjara, æskuheimili sitt í Bolungarvík.

Órökstuddar fullyrðingar í fjölmiðlum skila engu

„Það er skoðun forsvarsmanna HG, að heillavænlegast sé fyrir alla umræðu um fiskeldi, uppbyggingu þess og áhrif að aðilar séu lausnamiðaðir og reiðubúnir til samtals um það sem gæti eflt atvinnustarfsemi og byggð á Vestfjörðum. Órökstuddar fullyrðingar í fjölmiðlum um þessi mál skila engu," segir í fréttatilkynningu „vegna umfjöllunar um fiskeldisáform Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Ísafjarðardjúpi".

Fréttatilkynning HG er þannig í heild:

„Hraðfrystihúsið-Gunnvör hefur rekið öfluga atvinnustarfsemi á norðanverðum Vestfjörðum í yfir 70 ár, með starfsstöðvar í Hnífsdal, á Ísafirði og í Súðavík. Á þriðja hundrað manns starfa hjá fyrirtækinu, jafnt á sjó sem á landi, þorri starfsmanna er með lögheimili í fjórðungnum og er HG einn stærsti launagreiðandi á Vestfjörðum.

Í meira en áratug hefur HG unnið að uppbyggingu fiskeldis í Ísafjarðardjúpi og stundað rannsóknir með það fyrir augum að auka umfang eldisins. Fyrirtækið hefur haft leyfi til framleiðslu á allt 2.000 tonnum árlega en áform þess eru að útvíkka leyfið og framleiða allt að 7.000 tonnum samtals af þorski og laxfiskum. Slík stækkun myndi falla vel að núverandi starfsemi HG og fela í sér fjölgun starfa á svæðinu. Nærtækt er að vísa í sambærilega uppbyggingu á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem verulegur uppgangur er í atvinnulífinu og samfélaginu öllu, sem rekja má að stærstum hluta til uppbyggingar í fiskeldi.

Margfeldisáhrifin af fiskeldisfyrirtækjum við Ísafjarðardjúp eru þegar sýnileg á svæðinu og ýmis frekari þjónusta gæti sprottið upp í tengslum við aukin umsvif í greininni, t.a.m. í iðngreinum. Einnig er vert að benda á, að fiskeldi er og getur verið í góðu sambýli við ýmsar aðrar atvinnugreinar og má þar nefna ýmsa þætti ferðaþjónustu og veitingarekstur eins og dæmi eru um frá Noregi.

Samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 er Ísafjarðardjúp eitt fárra svæða á Íslandi þar sem eldi laxfiska er heimilað. Forsvarsmenn HG leggja áherslu á að unnið sé eftir íslenskum lögum og reglugerðum við uppbyggingu eldisstarfsemi fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi. Til viðbótar eru erlendir staðlar hafðir til viðmiðunar, sem gera ríkari kröfur en íslensk lög og reglugerðir segja til um. Auk þess er lögð áhersla á að draga lærdóm af reynslu erlendra þjóða til þess að fyrirbyggja hugsanleg umhverfisáhrif vegna aukins eldis í Ísafjarðardjúpi.

Það er skoðun forsvarsmanna HG, að heillavænlegast sé fyrir alla umræðu um fiskeldi, uppbyggingu þess og áhrif að aðilar séu lausnamiðaðir og reiðubúnir til samtals um það sem gæti eflt atvinnustarfsemi og byggð á Vestfjörðum. Órökstuddar fullyrðingar í fjölmiðlum um þessi mál skila engu."

– hlynur@bb.is

smáar

Til sölu er vel með farið 10 feta Fleedwood Sedona fellihýsi árg. 2004. Svefnpláss fyrir sex fullorðna. Vagninn var skoðaður í júní 2013 og er á nýjum dekkjum. Upplýsingar í síma 898 2583 og 892 2759.

Til leigu er rúmgóð 76m², björt og mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð við Fjarðarstræti í vetur. Eitthvað af húsgögnum fylgir. Eingöngu ábyrgt og reglusamt fólk kemur til greina. Reyklaus íbúð. Uppl. í síma 867 6657 og á gurryg7@simnet.is.

„Lauga" í orlofi

Kjósendur munu ávallt greina á um gæði ríkisstjórna og kjörinna alþingismanna. Eftir fjögurra ára vinstri ríkisstjórn voru margir orðnir langeygir eftir pólitískum umbótum og endurreisn í íslensku samfélagi. Því miður munu alltof fáir gera sér grein fyrir þeim mikla vanda sem blasir við Íslendingum og íslenska ríkinu á þessu og næstu árum, en vonandi ekki áratugum. Vart er ofmælt að margir bundu vonir við ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Nú er ágúst senn á enda og lítt sést til úrlausna og úrræða ríkisstjórnarinnar. Fyrir myndun hennar var því haldið fram á þessum vettvangi, að hver sem hún yrði mætti við því búast að ráðherrar legðust í ferðalög innanlands og til útlanda. Því miður hefur þessi hrakspá ræst. Það er ekki góðs viti. Vitað er að fjárlagavandinn er mikill og átak þarf til þess að ná fjárlögum saman. Það verður ekki þrautalaust. Eitt af því sem þarf að skoða er hvar höggva skal á hnúta og skera niður. Forgangsröðun verður eða ætti að verða boðskapur dagsins, vikunnar, mánaðarins og ársins. Þetta veit Kristján Þór Júlíusson ráðherra, sem lét orlofið bíða.

Ríkisstjórnin hefur enn ekki hlotið sérstakt nafn, en þar sem hnútar voru hnýttir á Laugarvatni er við hæfi að kenna hana við þann stað og nefna hana Laugu. Það er algeng stytting úr mörgum góðum og gegnum íslenskum kvennöfnum, Áslaugu til dæmis. En Lauga hefur verið í orlofi í sumar, eftir því sem best verður séð. Forsætisráðherra hefur heimsótt fjarskylda ættingja Íslendinga í Gimli og Dakota. Það er gott að halda tengslum við skyldmenni. En það lítur út fyrir að nánasta fjölskylda, Íslendingar búsettir á Íslandi hafi hálfpartinn orðið útundan í sumar. Talsmaður væntanlegra aðgerða hefur orðið Vigdís Hauksdóttir. Minna hefur heyrst frá forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Vigdís hefur orðið skotspónn margra að ósekju. Ekki þarf að undra að Rúvarar espist við allt sem hún segir. Það sem verra er. Þeir sem þar fara fyrir hafa leyft sér purkunarlaust að snúa út úr ummælum hennar um glópagull og ekki skirrst við að hafa rangt eftir henni.

Ekkert er óeðlilegt við það að mörgum kunni að mislíka við Vigdísi Hauksdóttur. Hún hefur sagt að rétt sé að fresta byggingu hátæknisjúkrahúss í Reykjavík. Enda má velta því fyrir sér hvert sé gagnið meðan læknar kjósa fremur vist í útlöndum en á Íslandi. En þegar Vigdís er gagnrýnd er rétt að gera það með rökum sönnum. Þótt Lauga sé í orlofi er Vigdís þó við störf.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hljóðlát Snjöll Kraftmikil

AGAiT ryksugurnar nú fáanlegar á verði
sem ekki hefur sést áður

SÆRAF EHF

AGAiT

Silfurgötu 5, Ísafirði
Sími 450-6000

AGAiT á Íslandi
www.agait.is

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Markmið listaman

að koma boðskapnum til sen

Maðurinn er Bolvíkingurinn Snævar Sölvi, sonur Sölva Rúnars Sólbergssonar og Birnu Guðbjartsdóttur í Bolungarvík. Hann er elstur þriggja bræðra en yngri eru þeir Tómas Rúnar og Bergþór Örn. Snævar gekk í Grunnskóla Bolungarvíkur og varð stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði þaðan sem leiðin lá til Reykjavíkur í Háskóla Íslands og síðan Háskólann í Reykjavík. Að lokinni útskrift úr fjármálaverkfræði starfaði hann í nokkra mánuði hjá Seðlabanka Íslands en þar gerði hann sér fljótt grein fyrir því að framtíð hans lægi í kvikmyndagerð. Nú stundar hann nám í leikstjórn og handritagerð við Kvikmyndaskóla Íslands.

Við strákarnir vorum kolvitlausir

Hann átti góða tíma í Grunnskóla Bolungarvíkur. Bekkjarfélagar hans voru samheldnir krakkar út alla skólagönguna og halda þau mörg hver góðu sambandi enn í dag. Bekkurinn reyndi þó á þolinmæði kennaranna, að sögn Snævars. „Það var frábært að vera í GB og við krakkarnir höldum sambandi enn í dag. Ég spila til dæmis fótbolta með strákunum á veturna þegar ég er í Reykjavík og við erum dugleg að hittast og höfum haldið nokkur árgangsmót.

Við vorum „erfiður“ bekkur, strákarnir aðallega voru alveg kolvitlausir, og kennararnir og skólastjórinn vissu ekki alveg hvað ætti til bragðs að taka stundum. Þeim féllust hendur til dæmis þegar við lékum okkur að því að negla snjóboltum í rúðurnar eða settum tyggjó í skráargötin svo ekki var hægt að komast inn í kennslustofurnar.

Eftirminnilegast var þó þegar nýr kennari hafði tekið við umsjón bekkjarins í þriðja bekk og skyndilega hætti hún að mæta, gafst upp held ég. Þá sá skólastjórinn að engin dygðu vettlingatökin og setti Dóru Línu [Kristjánsdóttur] sem umsjónarkennara okkar. Hún hafði einhverja galdraásu uppi í sinni ermi og náði að hafa hemil á okkur greyjunum enda frábær kennari og kjarnakona,“ segir hann.

Aðspurður hvort fleiri kennarar séu sérstaklega eftirminnilegir nefnir hann Ragnar Edvarðsson fornleifafræðing sem kenndi þeim myndmennt. „Ég var lunkinn að teikna og við náðum vel saman. Svo er hann auðvitað fornleifafræðingur og sagði okkur til dæmis grafískar sögur af mannætum og við mændum upp til hans með opinn kjaftinn, algjörlega heillaðir,“ segir Snævar.

„Shit, þetta get ég ekki“

Eftir grunnskólann stundaði hann nám við Menntaskólann á Ísafirði og útskrifaðist þaðan af náttúrufræðibraut. Hann tók virkan þátt í félagslífi skólans: „Ég var aldrei í stjórn nemendafélagsins en endaði alltaf á því að koma að félagslífinu með einum eða öðrum hætti þar sem vinirnir voru oftar en ekki í stjórn og ég var mikil félagsvera. Hinar frægu óvissuferðir sem komust í fjölmiðla hérna um árið eru einmitt hluti af því sem ég tók þátt í, sælla minninga. Í einni slíkri löbbuðum við bara upp í rútu með brennivínsflöskurnar og björkassana í fanginu og þótti ekkert tiltökumál. Þannig að það er ekkert skrítið þó allt hafi farið úr böndunum í þeim ferðum,“ segir Snævar.

Eftir MÍ lá leiðin til Reykjavíkur þar sem hann stundaði nám í efnaverkfræði við Háskóla Íslands en hélt þá yfir í Háskólann í Reykjavík í fjármálaverkfræði. „Í HÍ fann ég fljótt að það var ekki fyrir mig að vera í hvítum slopp allan daginn á tilraunastofu að mæla og títra. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á vísindum og í menntaskóla tók ég til dæmis flestalla þá efnafræði- og stærðfræðiáfanga sem ég gat og ég hef líka lesið Lifandi Vísindi frá því ég man eftir mér. En þetta var ekki eins gaman og ég hafði haldið og því skipti ég yfir í fjármálaverkfræðina í HR. Það má segja að ég hafi látið glepjast af hillingum góðærisins sem stóð þá sem hæst og þegar ég útskrifaðist fór ég að vinna hjá Seðlabanka Íslands í tæplega ár. Mér dauðleiddist þar. Leit í kringum mig og sá fólk sem var búið að vinna þarna í tugi ára og hugsaði með mér „shit, þetta get ég ekki“ og fór að hugsa sífellt meira um hvað mig langaði til að gera í framtíðinni. Langaði mig virkilega að vinna á skrifstofu eða ætti ég að taka áhættu og gera það sem mig langaði mest til að gera, skrifa og leikstýra kvikmyndum? Ég stalst til að skrifa handrit og kvikmyndatengdar hugmyndir í vinnunni þegar lítið var að gera og leitaði stöðugt að efnivið sem ég gæti tæklað upp á eigin spýtur.“

Þeir voru ekkert öðruvísi

Kvikmyndaáhuginn hefur fylgt Snævari frá því hann man eftir sér. Skemmtilegast þótti honum að fara í bíó og þar á eftir komu vídeóleigurnar í Bolungarvík og frítímanum eyddi hann í áhugamálið. „Um leið og ég byrjaði

Sælkerar vikunnar eru Guðbjörg Ebba Högnadóttir og Einar Ási Guðmundsson í Bolungarvík

Ekta föstudagsmatur

Við ætlum að bjóða upp á ljúffengan hakkrétt sem er tilvalinn föstudagsmatur, og ekki skemmir fyrir hvað hann er auðveldur og fljótlegur! Elduðum hann fyrir matarboð um daginn þegar tíminn var naumur, og hann sló í gegn. Uppskriftin er fyrir ca 6 manns.

Mexíkósk skúffa

1 poki Doritos eða Nachos flögur (ca. 3-400 gr.)1 kg hakk
2 bréf taco krydd
1 msk nautakraftur
3 dl vatn
2 dósir sýrður rjómi
1 askja Philadelphia ostur (má vera hreinn en gott að velja einhvern með bragði)
4-5 tómatar, sneiddir
1 ½ paprika, skorin í bita
1 dós gular maísbaunir
1 púrrlaukur, sneiddur
rifinn ostur

Bakarofn stilltur á 225°C. Nautahakk steikt og Taco kryddinu bætt út í. Því næst er vatni bætt við ásamt nautakrafti. Hakkið látið malla þar til vökvinn er soðinn niður. Flögunum er svo dreift á botninn á ofnskúffu og hakkinu dreift yfir flögurnar. Rjómaosti og báðum dósunum af sýrðum rjóma hrært saman og dreift yfir hakkið. Því næst er grænmetinu dreift yfir og að lokum rifna ostinum. Bakað í ofni í u.þ.b. 12 mínútur. Gott er að stilla á grill síðustu mínúturnar til að osturinn verði stökkur. Borið fram með fersku salati, salsasósu og ef til vill Guacamole og sýrðum rjóma.

Í eftirrétt ætlum við að bjóða upp á gómsæta klessuköku með karamellukremi. Þessi kaka hefur verið mjög vinsæl í boðum og er yfirleitt fyrsta kakan til þess að klárast. Hægt er að baka hana með góðum fyrirvara og setja í frysti, en hún er einnig mjög góð daginn eftir.

Kladdkaka með karamellukremi

100 g smjör
2 egg
3 dl sykur
1 1/2 dl hveiti
5 msk kakó
2 tsk vanillusykur
hnífsoddur salt

Bakarofn hitaður í 175 gráður, stillt á undir- og yfirhita. Smjörið brætt í potti. Restin af hráefninu sett í skál og brædda smjörinu bætt út í, hrært þar til deigið hefur blandast vel saman. Bakað í smurðu lausbotna formi (ca. 22 – 24 cm) eða sílikonformi í 20 mínútur. Kökunni leyft að kólna í u.þ.b. 10 mínútur.

Karamellukrem

2 dl rjómi
1 dl síróp
1 dl sykur
100 g suðusúkkulaði
100 g smjör, lint eða brætt

Öll hráefnin, fyrir utan smjörið, sett í pott. Hrært í blöndunni og suðan látin koma upp. Hitinn lækkaður og blandan látin malla þar til hún þykknar, en það getur tekur um 10 mínútur. Gott er að hræra svolítið í á meðan. Þá er potturinn tekinn af hellunni og smjörinu bætt út í. Hrært þar til allt hefur blandast vel saman.

Kremið látið standa og kólna um stund, svo það verði aðeins þykkara. Þá er kreminu hellt yfir kökuna og hún látin kólna í ísskáp í 2-3 tíma. Borin fram með þeyttum rjóma eða ís.

Við skorum á Steinunni Diljá systur mína og Halldór Örn til að vera sælkera í næsta blaði.

nsins

n flestra

að lesa stúderaði ég alltaf öftustu síðuna í Mogganum þar sem var fjallað um nýjustu bíómyndirnar, bíógagnrýni, aðsóknartölur og fleira. Sama hversu spennandi hluti við vinirnir vorum að bralla utandyra varð ég að ná hverjum einasta barnatíma í sjónvarpinu og fljótlega færði ég mig yfir í leiknar kvikmyndir. Fyrst um sinn þurfti mamma alltaf að þýða söguna ofan í mig þar sem ég kunni ekki að lesa fyrir grunnskólaaldurinn. Þetta allt greip mig algjörlega.

Síðan fór ég að stúdera ævihlaup leikstjóra á borð við Tarantino, Paul Thomas Anderson, Stanley Kubrick, Jean-Luc Godard, Woody Allen, David Lynch og Kevin Smith, en hann gerði einmitt sína fyrstu kvikmynd [Clerks, 1994] þegar hann var bara 24 ára.

Þessir menn höfðu mikil áhrif á mig. Mér datt ekki í hug að strákur frá Bolungarvík gæti komist eitthvað áleiðis í kvikmyndagerð, en þegar ég skoðaði þessa leikstjóra, þá sá ég að þeir höfðu byrjað alveg eins og ég, með ekkert nema sjálfan sig og draminn. Þeir höfðu mikil áhrif á mig því þeir voru ekkert í betri aðstöðu þegar þeir byrjuðu, óðu blint í sjóinn og lærðu af mistökunum í staðinn fyrir að láta þau stoppa sig. Það er ekki hægt að plana neitt svo fullkomlega að ekkert fari úrskeiðis, maður verður bara að henda sér í djúpu laugina og svo koma hlutirnir bara í ljós“ segir hann.

Tveggja kvik mynda leikstjóri

Snævar henti sér svo sannarlega í djúpu laugina og er nú á sinni annarri kvikmynd. Fyrstu kvikmyndina, Slay Masters, skrifaði hann og tók upp þegar hann var við slægingu í Bolungarvík í fyrra. Segir hún frá slægingarteymi í Bolungarvík sem fengið er til að leysa af daginn fyrir sjómannadag. Snævar sjá sjálfur um velflest í kringum þessa fyrstu mynd sína, svo sem leikstjórn, handritsgerð, kvikmyndatöku, klippingu og fleira. Myndin vakti mikla

athygli og var meðal annars sýnd í Háskólabíói.

Í sumar hefur hann svo unnið að gerð gamanmyndarinnar Albatross. „Tökurnar fóru að mestu fram á Syðridalsvelli, golfmekka Bolungarvíkur, í lok júlí og byrjun ágúst, en við lukum tökum rétt fyrir verslunarmannahelgi. Núna er ég að grófklippa hana, velja úr öllu efninu bestu klippurnar og setja saman.

Tökurnar tókust feiknavel. Við settum niður 14 daga skipulag sem var þétt en gekk ótrúlega vel. Myndin fjallar um strák sem kemur að sunnan. Hann er að elta kærustuna sína vestur yfir sumarið, en hún er frá Ísafirði. Hún reddar honum vinnu á golfvellinum og meginþema myndarinnar er samskipti hans við litríka samstarfsmenn og yfirmann þeirra, vallarstjórann Kjartan (Pálmi Gestsson), sem er erfið týpa sem krefst mikils af undirmönnum sínum. Aukin spenna færist svo í samband strákanna við Kjartan vallarstjóra þegar aðilar frá GSÍ [Golfsambandi Íslands] hyggjast halda stórmót á vellinum þeirra.

Myndin er í fullri lengd. Ég vonast til að frumsýningin verði snemma á næsta ári og þá hér fyrir vestan. Ég myndi alltaf vilja frumsýna hér áður en ég færi lengra með hana,“ segir Snævar.

Gjörbreytt vinnubrögð við handritsgerð

Í haust heldur hann aftur til Reykjavíkur og hefst þá annað námsárið við Kvikmyndaskóla Íslands. „Þar finn ég að ég er á réttri hillu lokksins. Námið er skemmtilega sett upp, nokkurs konar crashkúrsar, tveggja til þriggja vikna langir, með kennurum sem koma úr kvikmyndageiranum, og í staðinn fyrir stranga akademíska kennslu fáum við að læra af mönnum sem eru að gera kvikmyndir í dag. Þannig náum við líka að mynda tengsl við fólk sem er að vinna við kvikmyndagerð og getum leitað til þeirra eftir ráðum, bara með því að hringja eða senda tölvupóst, og maður fær feedback yfirleitt um hæl.

Ég er mjög ánægður með hvernig námið er sett upp og er að læra gríðarlega mikið. Til dæmis hvað varðar handritsgerð, þá er algjörlega tvennt ólíkt hvernig ég skrifaði fyrir Slay Masters og Albatross. Fyrir Slay Masters þróaðist sagan frá blaðsíðu til blaðsíðu, ég bara prófaði mig áfram. Það sem ég geri núna, og þessa aðferð lærði ég af einum kennaranum í skólanum, er að skrifa svokallað treatment sem inniheldur alla söguna á sirka tíu blaðsíðum, þ.e. söguþráðinn og hvert einasta atriði í grófum drættum. Með þessari aðferð hefur maður mikla heildaryfirsýn yfir verkið og lítið mál er að henda út atriðum eða breyta þeim ef manni hugnast svo, en að breyta eftir á er töluvert meira basl ef þú ert að skrifa handritið blaðsíðu fyrir blaðsíðu. Það er líka mjög þægilegt að renna yfir kosti og galla sögunnar með fólki þegar sagan er á tíu blaðsíðna treatmentformati.

Eftir að það var orðið þétt og gott hófst ég handa við skrifa handritið. Það tók mig ekki nema eina viku, því um leið og þú veist hvernig sagan þróast frá A til Ö er mun minna mál að spæna sig í gegnum handritið. En ég vil hafa sköpunarferlið lifandi svo ég breyti alltaf einhverju á öllum stigum þess, ekki síst í tökum ef mér dettur eitthvað nýtt í hug eða sleppi einhverju sem ég fíla ekki í augnablikinu.“

Verður að sníða sér stakk eftir vexti

Ferlinu við að skrifa handrit lýsir hann svo: „Það er gróflega þannig að ég byrja á því að ákveða hvaða sögu ég vil segja, hvað liggur mér á hjarta, því ég vil helst koma ákveðnum pælingum áleiðis með hverju verki. Síðan velti ég fyrir mér hvaða söguheimur, eða hvernig tegund myndar [e. genre], passar fyrir þessa sögu.

Það er að vísu hægt að setja flestar sögur inn í hvaða tegund myndar sem er. Til dæmis eru Lethal Weapon myndirnar um vináttu og Star Wars er þroskasaga ungs manns, en ég persónulega verð setja mér skorður út frá því hvað ég get gert miðað við aðstæður, því ég hef ekki óheftan aðgang að fjármagni. Ég er til dæmis aldrei að fara að gera epíska ævintýramynd þar geimskip rís upp úr Drangajökli og handfærasjómenn þurfa að heyja blóðugar orrustur við geimverurnar ef ég hef lítið fjármagn á milli handanna, heldur neyðist ég til að sníða mér stakk eftir vexti.

En þegar ég hef ákveðið söguna og tegund myndarinnar fer ég á fullt að henda niður á blað öllum þeim hugmyndum sem gætu passað í myndina. Loks þegar hugmyndaskjalið er orðin smekkfullt af góðum senum byrja ég að púsla saman í umrætt treatment sem mótar söguþráðinn.“

Hafa bara plan A

Þegar maður hittir kvikmyndagerðamanninn Snævar sleppir maður því ekki að spyrja hver uppáhaldskvikmyndin hans er og hvort hann hafi nú hitt einhvern af þeim sem hann lítur svo mikið upp til í þeim geira.

„Nei, ég hef ekki hitt neinn af þeim. Tarantino er í sérstöku uppáhaldi hjá mér en ég er nokkuð viss um að ef ég rækist á hann myndi ég kikna í hnjáliðunum, eða hreinlega falla í yfirlið,“ segir hann kíminn. Hann á erfitt með að gera upp á milli tveggja stórmynda, The Shawshank Redemption (1994) í leikstjórn Frank Darabont og Pulp Fiction (1994) í leikstjórn Tarantinos. „Það er ekki hægt að gera upp á milli þeirra. Þær eru ólíkar, Shawshank hefur tilfinningalegt gildi fyrir mann en Pulp Fiction er meira svona innblástur, stíllinn og fleira,“ segir hann.

Um framtíðina segir Snævar hana vera „one way street“: „Ég ætla að halda áfram að búa til kvikmyndir, skrifa og leikstýra þeim. Það ekki spurning um neitt annað. Og ég hef ekki einu sinni neitt plan B. Ef maður gerir plan B, þá verður það aðalplanið á endanum held ég. Mig langar að geta verið í þeirri stöðu að geta gert þær myndir sem mig langar til hverju sinni. Hvort það rætist verður bara að koma í ljós, en ég væri auðvitað til í að gera mynd á enskri tungu því kvikmyndir á ensku fá víðustu dreifinguna og það er alltaf markmið listamannsins að koma boðskap sínum á framfæri til sem flestra.“

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sigldi hringinn í kringum landið á kajak

Guðni Páll Viktorsson er uppalinn á Þingeyri og bjó þar til 13 ára aldurs. Þá flutti hann með foreldrum sínum í Árbæinn í Reykjavík og bjó þar öll unglingsárin, stundaði nám og lék knattspyrnu með Fylki. Guðni Páll hefur aldrei verið neinn vandræðagemsi eða í kringum eitthvað slíkt, hann stundaði mikið íþróttir og var mikill íþróttamaður. Eftir dvölina í Árbæ lá leiðin á Ísafjörð þar sem hann hélt áfram að leika knattspyrnu, en hann spilaði með BÍ/Bolungarvík í fjögur ár þangað til hann lagði skóna á hilluna. Hann býr í Reykjavík og starfar þar hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri á veturna en kemur vestur á sumrin þar sem hann vinnur við sjómennsku eða önnur störf.

Vantaði nýtt áhugamál

Það voru breyttir tímar þegar Guðni Páll hætti knattspyrnuiðkun og hann vantaði eitthvað annað að gera en hanga heima og horfa á sjónvarpið. „Ég hafði alltaf haft áhuga á kajakróðri. Vinur minn átti kajak sem hann var ekki að nota og lét mig hafa hann. Þá varð ekki aftur snúið, ég fann það um leið að þetta var eitthvað sem heillaði mig mjög mikið. Ég vissi það um leið og ég byrjaði að róa að þetta var mitt áhugamál, að þetta væri eitthvað sem ég myndi endast í. Þá hafði ég samband við kajakakennarann Halldór Sveinbjörnsson og eftir það var ljóst í hvað stefndi. Ég náði fljótt góðum tökum á þessu og eftir eitt og hálft ár fór draumurinn að fæðast, að fara hringinn í kringum landið og skoða það," segir Guðni Páll.

Hugmyndin eins og hún var framkvæmd varð að veruleika fyrir rúmu ári, að sögn Guðna Páls, sem hafði hugsað um það í tvö ár að þetta væri gaman. „Þegar maður er alltaf að hugsa um eitthvað á maður bara að láta vaða. Láta drauminn rætast. Þannig byrjaði þetta ævintýri, ég tók ákvörðun um það heima að þetta væri það sem væri framundan hjá mér þetta sumarið. Ég setti vísvitandi pressu á mig með því að láta ákveðna aðila vita af þessu, þar á meðal Gísla Friðgeirsson, sem hafði áður róið í kringum landið. Hann fékk manna fyrst að vita af þessu. Það var vísvitandi gert að segja honum frá, því hann myndi aldrei láta mig í friði ef ég bakkaði út úr því. Það er um að gera að láta vita svo maður hætti ekki við."

Undirbúningur

„Ég hef ekki róið í mörg ár en róið mikið og náð mér í mikla reynslu, bæði hér heima og erlendis. Það má segja að ég hafi farið hratt yfir á stuttum tíma. Þegar er vel er haldið utan um kennslustarf og annað ná menn fljótt árangri. Undirbúningurinn var gríðarlega mikill. Það var líkamlegur undirbúningur sem fólst í mjög markvissri þjálfun, en ég þurfti að þjálfa ákveðna vöðva. Andlegi undirbúningurinn var meiri en ég átti von á."

Þegar Guðni Páll fór af stað vissi hann ekki hvað hann átti að gera til að þjálfa sig andlega fyrir ferðina. Hann fékk ráð frá Vilborgu Örnu pólfara og fleira góðu fólki. Það var fyrst og fremst að setja sig í þær aðstæður sem gætu hugsanlega komið upp á ferðalaginu.

„Maður setti þetta upp í kollinum og reri kannski allan daginn í hausnum. Þetta var meginæfingin og svo þurfti ég að koma mér í mikið andlegt jafnvægi, sem gekk vel. Ég mátti ekki hafa áhyggjur af því sem var að gerast heima fyrir, slíkt var þurrkað af borðinu áður en ég fór af stað og öll vandamál voru leyst. Ef eitthvað kom upp á ferðalaginu fékk ég það ekki í hausinn. Ef það gleymdist að borga reikninga eða eitthvað annað voru aðrir sem sáu um það og ég fékk frið til að sinna mínu verkefni, annars væri þetta ekki hægt. Það væri vonlaust að hafa áhyggjur með í för."

Bakland

Fólk áttar sig kannski ekki á því hvað það eru margir sem studdu við bakið á þessu verkefni. Það er t.d. kortavinna og það þurfti að koma öllu fyrir svo allt gengi eðlilega þessa þrjá mánuði sem ég var í burtu. Þetta hefði verið ógerlegt án þess að hafa gott fólk með mér og ég var svo heppinn að hafa það fólk. Kærastan mín stóð við bakið á mér eins og klettur, fjölskyldan, foreldrar og tengdaforeldrar. Afi minn reyndist mér mjög vel," segir Guðni Páll, en það skipti sköpum að hafa gott bakland þegar ferðin lengdist óðum vegna aðstæðna og veðurs.

„Það hafði helling að segja. Það bættist mánuður við ferðina, sem hafði gríðarleg áhrif á kostnað og aukaþætti sem skiptu máli. Það var bíll sem fylgdi mér eftir í landi megnið af leiðinni, það bættist við mánuður þar. Þetta hafði mikið að segja fyrir fólk en kannski ekki eins fyrir mig. Fólkið í kringum mig þurfi að breyta sínum venjum og sumarfríum. Það voru fjórir að taka veður fyrir mig og þeirra sumarfrí fór eftir mínu plani. Það er ekki hægt að borga fyrir svona, þetta er bara vinátta sem maður gleymir aldrei, að menn séu til í að breyta sumarfríinu sínu til að vera mér innan handar. Ég er gríðarlega þaklátur öllu því fólki sem sá til að þetta gengi upp. Ég hefði ekki klárað þetta verkefni einn míns liðs, það er ekki smuga, ekki fræðilegur."

Lagt af s

Guðni Páll segir að það hafi verið mjög þægileg tilfinning að leggja af stað. „Það var mikið stress í gangi samt sem áður og einhver tilfinning sem ég þekkti ekki. Ég var gríðarlega ánægður að vera farinn af stað og vissi að þetta væri að verða að raunveruleika. Ég hafði eytt miklum tíma og fjármunum í undirbúning, það var léttir og hnútur í maganum því ég vissi ekkert hvað var framundan. Það var óvissa í þessu sem var óþægileg en ég held að það sé fullkomlega eðlilegt þegar maður fer í svona langt og krefjandi ferðalag, bæði líkamlega og andlega."

Það voru mörg atvik í ferðinni sem Guðni Páll mun aldrei gleyma og önnur sem hann segist vilja gleyma sem fyrst. Það sem stóð upp úr í lok ferðar var atvik sem hann lenti í á suðurströndinni sem var það alvarlegasta sem hann hefur lent í á sínum kajakferli og það sem kemst næst því að vera í lífshættu.

Erfið reynsla

„Ég var að róa út af Meðallandi og á þessu svæði er mjög þekkt straumasvæði og erfitt yfir höfuð róðrarlega, og meira að segja stóru skipin forðast þetta svæði. Það myndast stórar öldur á sandrifjum langt fyrir utan ströndina. Ég lenti í einni svona öldu, en þær geta orðið gríðarlega stórar. Þetta eru úthafsöldur sem eru að koma beinustu leið frá úthafinu, eru gríðarlega öflugar og þarf lítið til að þær brotni. Veðrið versnaði mjög skyndilega, á um klukkutíma, og ég átti 20 kílómetra leið eftir til að komast á stað þar sem ég gæti lent. Suðurströndin var þannig að maður komst ekki í land á milli vegna brims. Þetta gerðist á besta stað sem þetta gat gerst á, ég átti helminginn eftir af deginum en spáin leit mjög vel út fyrir þennan dag. En við búum á Íslandi og veðrið hér breytist á hálftíma fresti. Þetta kom mér að óvörum og ég var ekki tilbúinn í þetta veður.

Aldan brotnaði yfir mig og skellti mér og ég rúllaði í öldunni í einhvern tíma. Þegar maður er í svona aðstæðum líður tíminn afskaplega hægt. Fyrir mér var þetta mjög langur tími og þar sem ég var að verða búinn með súrefnisbirgðirnar var þetta orðið mjög erfitt í lokin. Ég þurfti að halda niðri í mér andanum í öldunni en náði að rífa mig upp og halda mér í bátnum. Ég áttaði mig strax á að þetta væri eitthvað meira en venjulegt og sá fljótt að tækið sem gefur upp staðsetningu mína var farið af, GPS-tæki sem ég styðst mikið við var farið af. Báturinn var laskaður, stýrið aftan á bátnum hafði einnig brotnað af, sem er mjög sjaldgæft að gerist við svona aðstæður á kajak. Þá áttaði ég mig á hvers konar afl þetta var, líklega fleiri tonn sem dundu þarna yfir. Ef ég hefði þurft að fara úr bátnum hefði þetta ekki farið eins og það gerði. Ég er sannfærður um það."

Sem betur fer fór þetta betur en á horfðist og Guðni Páll segir að þessi upplifun hafi farið í reynslubankann og gert hann sterkari einstakling fyrir vikið og öflugri í sínu starfi sem leiðsögumaður og kajakræðari. Að hans sögn er þetta er bara atvik sem

hjálpar honum í dag.

Jákvæð reynsla

Guðni Páll segir að það sé ekki eitt sérstakt augnablik sem standi upp úr í ferðinni, þau eru mörg. Honum þótti t.d. gríðarlega gott að koma vestur á sitt heimasvæði. „Það var mjög ljúf tilfinning, og að hitta róðrarfélagana var góð tilfinning sem stendur mjög hátt upp úr. Svo er koma mín til Vestmannaeyja ofarlega í huga mér. Gestrisni Eyjabúa er mjög sérstök. Það er stórkostlegt fólk í Eyjum og allt af vilja gert til að gera allt fyrir mann. Þar var vel tekið á móti mér og ég er ótrúlega ánægður með það.

Fegurðin við landið er ótrúleg, að sjá sólina setjast á Hornströndum. Dýralífið er stórkostlegt þegar maður rær á nóttunni og getur liggur við teygt sig í fuglinn, selinn og hnísuna. Þá breytist allt, maður verður mýkri og eiginlega hálfklökkur."

„Það kom mörgum á óvart að ég skyldi velja þetta málefni, en fjölskyldan var gríðarlega ánægð þegar ég sagði þeim frá því af hverju ég valdi að leggja því lið. Mér fannst svolítið hoppað yfir þetta í samfélaginu okkar, það eru hátt í hundrað manns sem búa á götunni og mér finnst það óásættanlegt í svona litlu landi," segir Guðni Páll, en tilgangur ferðarinnar var meðal annars að vekja athygli á starfi Samhjálpar og safna styrkjum fyrir starfið.

Guðni Páll segir að engin forsaga sé að ákvörðun hans að styrkja Samhjálp. Hann þekkti ekkert til samtakanna áður en hann fór út í þetta verkefni. „Þarna er fólk með fíkniefna- og drykkjuvandamál og heimilislausir. Einstaklingar sem minna mega sín. Það er enginn grunnur hjá mér á bak við þetta málefni en mér fannst það þurfa á smá umfjöllun og umhyggju að halda. Það var í raun engin ástæða fyrir því að ég valdi það frekar en annað."

Töluverð upphæð hefur safnast í róðrinum og enn er hægt að leggja málefninu lið með því að fara inn á vefsíðuna http://www.aroundiceland2013.com. Það sem tekur við er að fylgja verkefninu eftir og sjá til að söfnunin klárist og gangi vel. Síðan er að mæta í vinnuna og koma venjulega lífinu aftur í gang," segir Guðni Páll, en hann vill koma þökkum til allra sem sýndu verkefninu stuðning og voru með honum í þessu og hann hvetur alla sem geta að leggja málefninu lið.

– hordur@bb.is

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
66°N SEXTÍU OG SEX NORÐUR
Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

GÓK HÚSASMÍÐI EHF
Öll almenn húsasmíði
Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060
Umboðsaðili fyrir GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580
BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9

Geirnaglinn ehf
Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
BLÁPOKINN
Fyrir sameiginlegan úrgang
Sími: 456 3710
gamarvest.is

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Boltinn í beinni...

Laugardagur 24. ágúst
kl. 11:35 Fulham - Arsenal
kl. 14:00 Newcastle - West Ham
kl. 14:00 Everton - WBA
kl. 14:00 Stoke - Crystal P.
kl. 14:00 South.pton - Sunderl.
kl. 14:00 Hull - Norwich
kl. 16:30 Aston Villa - Liverpool
Sunnudagur 25. ágúst
kl. 15:00 Cardiff - Man. City
kl. 15:00 Tottenham - Swansea
kl. 19:00 Malaga - Barcelona
Mánudagur 26. ágúst
kl. 19:00 Man. Utd. - Chelsea
kl. 19:00 Granada - Real M.
kl. 19:00 KR-FH

Dagar Íslands

22. ágúst 1943: um 800 marsvín rak á land við Búlandshöfða á Snæfellsnesi og í nágrenni hans.
23. ágúst 1967: Íslendingar töpuðu fyrir Dönum í landsleik í knattspyrnu á Idrætsparken í Kaupmannahöfn með fjórtán mörkum gegn tveimur. Mörk Íslendinga skoruðu Helgi Númason og Hermann Gunnarsson.
24. ágúst 1944: Sveinn Björnsson forseti Íslands ræddi við Franklin D. Roosevelt forseta Bandaríkjanna í Hvíta húsinu í Washington. Sveinn var þá í opinberri heimsókn í Bandaríkjunum.
25. ágúst 1970: Stífla í Miðkvísl í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu var sprengd til að mótmæla stækkun Laxárvirkjunar. Samkomulag tókst í Laxárdeilunni í maí.
26. ágúst 1896: Suðurlandsskjálfti (hinn fyrri). Fjöldi bæja í Rangárvallasýslu hrundi til grunna. Styrkur skjálftans var áætlaður 6,9 stig. Síðari stóri skjálftinn var 5. september.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Austan og SA 5-13m/s, hvassast með suðurströndinni. Rigning, en þurrt að kalla á Norðurlandi. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir norðan.

Horfur á laugardag:
Fremur hæg vestlæg eða breytileg átt með skúrum. Hiti 7-15 stig, svalast á Vestfjörðum.

Horfur á sunnudag:
Norðan og NV-átt og rigning á Norður og Austurlandi, en léttskýjað að mestu SV-lands.

Krossgátan

Jón Steingr.	Auglýs-ingar og vígorð	Þófinn		Stúlkuna / Skjögur	Bjáni / Tala		Blotnuðu / Limur		Svik	Garpur	
Fleyg orð HC. A.											
Renna					Sjald-gæft / Tala						
Nafnbót / Hvoft-urinn							Átt / 500		Eins / Tala		
					Lím	Launung Á endum / Horfa Lík					
R.vík		Aðsjál / Eyja Listinn					Ísl.st. / Hjól-móðir		Ísl.st. / Lofa		Japla
Kona											
Tveir / Afkvæm-um			Hug / Orðrómur					Heiður / Harður Andvari			
					Mjög / Átt						
Tekinn							Stertur / Eyrin				
Bein / Húðpoki					Hjúpur / Róin				Eink.st. skipa / Lín Samið		
			Beita	Ós Sömu							1000
						Straum / Skipti					
Tvístég / Gramar Afrek											Hryggur
				Ekki						Tónn	
Himna / Tveir			Stök / Tónn				Snemma / Tónn				
							Aðfall				

VERKSTÆÐI STEFÁNS ARNAR
✓ Allar almennar bílaviðgerðir
✓ Rúðuskipti
Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852
Finndu mig á facebook

Lausn á síðustu krossgátu

				Jón Steingr.		F		S	
				⇨	F	R	É	T	T	A	
					J	Ó	L		Ú		Þ
					Ö	Đ	L	A	S	T	Y
	L			S	T	U	L	D	S	Á	R
F	E	L	M	T	U	R		Ó		R	S
	S	Á		Ö	R		F	L	Ó		T
	⇩	T	A	P		S	E	F	A	Đ	I
Ó	D	Æ	Đ	U	N	N	I		R		R
	A	Đ	A	L		Á	G	Æ	T	I	⇩
A	G	I		I	Đ	K	A	R		G	F
	B		Á	N		S	N	I	L	L	I
B	L	I	K	N	A		Ó	N		A	S
	A	Đ	A		F	L	A	G	A		K
A	Đ	A	L	L	M	A	R	I	N	Ó	A
	I		L	J	Á		G		D	Á	R
Æ	Đ	I		Á	N	L	A	T	A	R	I

Sudoku þrautir

	8	9	7	3			2	
	7					9	1	
				6	9			4
3						4		
1	2						9	3
		4						2
5			6	1				
	3	6					5	
	9			5	8	3	4	

		1	2				8	
		2	4			6		3
		8			7		4	
				2		3		9
			3		5			
3		7		1				
	7		5			8		
2		9			8	4		
	8				2	5		

Kemur Byggðastofnun að uppbyggingu á Flateyri?

„Vissulega hefur maður áhyggjur af atvinnuástandinu á Flateyri. Þar bindur maður vonir við fiskeldið, mér finnst verkefnið vera að halda uppi atvinnu þar á meðan verið er að byggja upp seiði. Við höfum meðal annars hlutverk varðandi byggðakvótann og auðvitað höfum við áhuga á að þarna sé blómlegt atvinnulíf en það hefur ekki verið þannig upp á síðkastið," segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar en bæjarráð samþykkti á síðasta fundi tillögu Örnu Láru Jónsdóttur um að óska eftir samstarfi við Byggðastofnun um að koma að málefnum Flateyrar með það að markmiði að styrkja stoðir samfélags og atvinnulífs.

Í bókun bæjarráðs segir að viðvarandi fólksfækkun og ótryggt atvinnuástand til margra ára hafi veikt samfélagið og það er nauðsynlegt að grípa inn í þá þróun. Mikilvægt sé að tryggja virkt samráð við íbúa og hagsmunasamtök þeirra við þá vinnu sem framundan er.

Sem kunnugt er var útgerðarfyrirtækið Lotna á Flateyri svipt byggðakvóta sínum tímabundið og mögulegt er að hann færist yfir á næsta fiskveiðiár þar sem fyrirtækið er sagt hafa ekið aflanum óunnum úr sveitarfélaginu. Lotna fékk 100 tonna byggðakvóta á þessu fiskveiðiári, sem er þriðjungur byggðakvóta Flateyrar, og hefur veitt megnið af honum.

– hordur@bb.is

Útsýnið áhættunnar virði?

Fjölmargir gera sér ferð upp á Bolafjall ofan Bolungarvíkur yfir sumartímann. Vegurinn var gerður á níunda áratugnum er ratsjárstöð var byggð á fjallinu. Magnað útsýni er ofan af fjallinu og við góðar aðstæður sést inn allt Ísafjarðardjúp, yfir vestfirsk fjöll, inn í Jökulfirði og fyrir Rit, í Straumnes og jafnvel efstu tinda Hornbjargs. Fyrir mörgum árum var kaðall settur milli staura á fjallinu en hann gefur til kynna hvar er óhætt að vera og hvar ekki, enda þverhnípið ógurlegt fram af bjargbrúninni. Margir þeirra sem á fjallið fara hunsa umrædda varnarlínu og ganga alveg fram á brún og jafnvel fram á stóra syllu (stein) sem skagar út úr fjallinu. Þykir mörgum tilvalið að láta taka myndir af sér á syllunni.



Þessi er ansi djörf/djarfur…

Þeir sem það gera, gera sér ekki grein fyrir því að syllan er að öllum líkindum á hreyfingu og því mikil hætta búin að fara út á hana. „Við höfum fréttir af því að hann (steininn) sé smám saman að síga og auðvitað spyr maður sig hvenær hann fer," segir Þorleifur Eiríksson hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Óhætt er að segja að útsýnið af syllunni er fallegt, en er það svo fallegt að áhættan sem maður tekur með því að fara út á hana sé þess virði?

– harpa@bb.is

Kæra framkvæmdir við Austurveg

Eigendur fasteignanna að Austurvegi 7 og Aðalstræti 42 á Ísafirði hafa lagt fram kæru vegna framkvæmda við nýja skólalóð Grunnskólans á Ísafirði við Austurveg. Í kærunni kemur fram að framkvæmdin hindri aðkeyrslu að húsi þeirra og þá sérstaklega að bílskúr austan megin við húsið sem stendur við Austurvöll. Þar hafa leiktæki verið sett niður sem hindri aðkeyrsluna. „Í þetta skipti er mjög áberandi að við erum ekki einar um þessa skoðun, það er greinilegt að fólk er ekki sátt við þennan gjörning. Þarna er auðvitað verið að brjóta freklega á okkar rétti. Ég veit ekki hvernig fólk hugsar sem gerir svona lagað. Þetta er mjög skrítið mál," segir Áslaug.

Í kærunni segir meðal annars að Ísafjarðarbær hafi ekki staðið fyrir grenndarkynningu varðandi málið, ekki hafa sést neinar auglýsingar eða gefinn athugasemdafrestur. Það sé í trássi við gildandi deiliskipulag frá 16. október 1997 þar sem kveðið er á um grenndarkynningu og auglýsingu í blöðum og þá athugasemdafrest ef breyta eigi deiliskipulaginu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi eigendum ekki tekist að finna bókun um afgreiðslu umhverfisnefndar um málið. Þá vísa þær Helga og Áslaug í kæru frá 2006 frá húseigendum við Austurvöll vegna breytinga á skipulagi sem tengdist þessu sama svæði en á því hafi verið mikill hringlandaháttur í sveitarfélaginu undanfarinn einn og hálfan áratug.

Telja þær fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulaginu vera haldnar stórkostlegum annmörkum og sætta þær sig ekki við þær. Fara þær þess á leit við sveitarfélagið að frá þeim verði horfið. „Þetta hefur verið kært áður svo það er í raun hægt að vísa í úrskurð því máli. Í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir að þarna sé innkeyrsla heldur sé þetta skólalóð," segir Daníel Jakobsson bæjarstjóri. Bæjarráð fól bæjarlögmanni að skoða málið í samstarfi við sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

– harpa@bb.is

Helgarferðir
með VITA í haust

DUBLIN
ÍRLANDI

Verð frá **79.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
***Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.**

31. okt. – 3. nóv. og 1. – 4. nóv.	3 nætur

MADRID
SPÁNI

Verð frá **93.500** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
***Verð án Vildarpunkta 103.500 kr.**

31. okt. – 3. nóv.	3 nætur

RÓM
ÍTALÍU

Verð frá **115.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
***Verð án Vildarpunkta 125.900 kr.**

1. – 5. nóv.	4 nætur

EDINBORG
SKOTLANDI

Verð frá **79.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
***Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.**

17. – 20. okt.	3 nætur	21. – 24./26. nóv.	3/5 nætur
24. – 27./29. okt.	3/5 nætur	5. – 8. des.	3 nætur
7. – 10. nóv.	3 nætur		

BRIGHTON
ENGLANDI

Verð frá **82.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
***Verð án Vildarpunkta 92.900 kr.**

3. – 6. okt.	3 nætur
14. – 17. nóv.	3 nætur
28. nóv. – 1. des.	3 nætur

TALLINN
EISTLANDI

Verð frá **99.900** kr.*

24. – 27. okt.	3 nætur

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Innifalið: flug, skattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 65267 08/13

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

VITA er lífið